



## Ágæti nýnemi

Það gleður mig að staðfesta að þér hefur verið boðin skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð á haustönn 2026. *Applicants accepted into the Pre-IB/IB1 will receive a separate welcome letter in English from the IB DP Coordinator.*

### Upphaf haustannar

- Allir nýir MH-ingar eru boðaðir á kynningarfund í skólanum **mánudaginn 17. ágúst kl. 13:00 – 15:00**. Á fundinum verða nemendur boðnir velkomnir og hitta umsjónarkennara sína.
  - Umsjónarkennarar kynna skólann og fara yfir stundatöflur og hvernig fyrstu dagarnir ganga fyrir sig.
  - Umsjónarkennarar kenna nýnemum í lífsleikni á fyrstu önn og eru nemendum til aðstoðar næstu annir á eftir.
- **Þriðjudaginn 18. ágúst** eru allir nýnemar boðaðir í skólann til að vera sett inn í rafrænt umhverfi skólans. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og tímasetningu verður auglýst eftir verslunarmannahelgi.
  - Vinsamlegast athugið að skólinn gerir ráð fyrir að nemendur hafi aðgang að fartölvu og geti haft með sér í skólann.
  - Nemendur þurfa einnig að vera með virk rafræn skilríki. Ef þið eigið ekki rafræn skilríki þá þurfið þið að sækja um þau hjá bankanum ykkar eða símafyrirtæki.
- Fyrsta kennsludaginn, **miðvikudaginn 19. ágúst**, verður skólasetning á sal kl. **9:00** og hefst kennsla í beinu framhaldi af henni.

Ef þið eruð með bráðaofnæmi eða sjúkdóm sem við þurfum að vita af, viljum við biðja ykkur um að þið setjið ykkur í sambandi við Fríði Reynisdóttur námsráðgjafa ([fridur@mh.is](mailto:fridur@mh.is)) í upphafi ágúst.

Stundatafla og bókalistar áfanga verða aðgengileg á Innu (<http://www.inna.is>) um miðjan ágúst. Það er mikilvægt að skoða vel hvaða áfanga þið hafið verið sett í og hafa samband við námstjóra ef þið hafið einhverjar athugasemdir. Athugið að þið þurfið rafræn skilríki til að komast á Innu.

Námstjórar velja áfanga fyrstu annar fyrir nýnema eftir því hvaða braut umsækjendur völdu og hvernig þeim gekk í grunnskóla.

- Nemendur sem fengu A (í einstaka tilfellum B+) í ensku, íslensku eða stærðfræði og eru með góðan námsárangur í fleiri greinum, geta verið sett í hraðferðaráfanga þar sem efni tveggja áfanga er tekið á einni önn.
  - Nemendur sem settir eru í þessa hraðferðaráfanga en vilja skipta í venjulegan áfanga hafa tækifæri til að gera það.
- Nemendur sem náðu ekki B eða hærra í stærðfræði eða dönsku geta verið sett í fornámsáfanga í þeim greinum.
- Nemendur sem hafa tekið íslensku sem annað tungumál í grunnskóla ættu að vera í áfanganum ÍSAN1AA07 (íslenska sem annað tungumál) samhliða ÍSLE2AA05 (fyrsta áfanga í íslensku).

- Ef þið hafið tekið áfanga á framhaldsskólastigi skuluð þið athuga hvort þeir hafi ekki örugglega verið metnir

Námstjórar verða með viðtalstíma **13. og 14. ágúst** milli kl. 10:00 og 14:00. Þið getið komið upp í skóla og hitt þá til að ræða málin. Námstjórar verða einnig til viðtals, eftir kynningarfundinn 17. ágúst.

Í heimabanka foreldris/forsjáraðila þíns birtist greiðsluseðill fyrir greiðslu skólagjalda haustannar sem eru 15.000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 9000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Greiðsluseðillinn birtist hjá þeim forsjáraðila sem eldri er. Gjaldddagi er 22. júní 2026 en eftir eindaga sem er 6. júlí 2026 leggst á álag kr. 1500 (sjá <https://www.mh.is/is/skolinn/nemendur-og-forsjaradilar/gjaldskra>).

Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 5000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum þig til þess að taka virkan þátt í starfi nemendafélagsins, samhliða því að takast af krafti á við námið. Ef þú ert að fara í myndlist koma greiðsluseðlar vegna efniskostnaðar inn síðar, eftir að önnin hefst.

Inna er opin fram í byrjun ágúst, [www.inna.is](http://www.inna.is) en þá lokum við og opnum aftur þegar stundatöflur eru tilbúnar hjá þeim sem greitt hafa skólagjöld haustannar. Munið að þið þurfið að hafa rafræn skilríki til að komast á Innu. Við vonumst til að geta opnað á stundatöflur 12. ágúst. Ef skólagjöld eru greidd eftir að stundatöflur opna þá opnast Inna fyrsta virka dag eftir greiðsluna.

**Greiðsla innritunargjalds er endanleg staðfesting á að þú þiggir skólavist hjá okkur í MH.**

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH ertu beðinn um að senda póst á [mh@mh.is](mailto:mh@mh.is) eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst. Skrifstofa skólans er lokuð frá og með 23. júní og opnar aftur fimmtudaginn 6. ágúst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig í haust og taka þátt í nýjum kafla í lífi þínu og ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt koma einhverju á framfæri.

Fyrir hönd MH, Guðmundur Arnlaugsson, konrektor.